

Skrá 32. Veður og veðurspár

ÞJÓÐHÁTTASKRÁNING ÞJÓÐMINJASAFNISNS 32. SPURNINGASKRÁ

Um veður og veðurspár

Veðrið hefur ráðið hvað mestu um hag Íslendinga á liðnum öldum - og gerir enn í dag. Um allar aldir hafa menn reynt að ráða veður af útliti lofts og lagar og spá fyrir um veður eftir ýmsum kenniteiknum. Þessi spurningaskrá fjallar um veðurspár og má vart vera öllu síðar á ferð því nú er hin gamla veðurfræði þjóðarinnar óðum að falla í fyrnsku og gleymslu. Í sumum fyrri spurningaskráum hefur að nokkru verið fjallað um þetta efni. Að innnyflaspám er vikið í fyrstu spurningaskránni "Slátrun búfjár og sláturverk". Í skrá um "Ljós og eld" er m.a. vikið að áhrifum veðurbreytinga á eld og eldfæri. Spurningaskrá um efnið "Að koma mjólk í mat" vísar að áhrifum veðurbreytinga á mjólkurmat. Í spurningaskrá um "Himintungl" kemur veðurfræði alþýðu mjög við sögu og þá ekki hvað síst í síðustu spurningaskrá um "Hátíðir og merkisdaga".

Nú er efnið meir tekið saman í eina heild og þó til mestra muna sneitt hjá því sem áður er búið að spyrja um. Þeir mörgu sem ekki áttu þess kost að svara þessum fyrri spurningaskráum, eru hinsvegar eindregið beðnir um að sleppa þessum atriðum ekki.

Veðrið og maðurinn

Var almennt talað um veðurglögga menn? Átti sá hæfileiki sér mismunandi orsakir að álitu manna? Var vitnað til slíkra manna og eftir þeim farið um ákvörðun verka á landi og sjó? Segið frá veðurglöggu mönnum ef hægt er. Lýsið hvernig menn fundu á sér veður af einum eða öðrum ósjálfráðum viðbrögðum í líkama sínum (gigtarverkir, beinverkir, kalt leggst í mann o.s.frv.). Lýsið sem gleggst hvernig menn mörkuðu veður af draumum sínum. Hver voru þá t.d. tákn: a) snjókomu, b) harðinda, c) þýðviðris eða þeys, d) regns, e) sólskins og þerris? Dreymdi menn e.t.v. fyrir veðri til langs tíma, jafnvel vetrarveðri eða sumarveðri? Var nokkur varúð viðhöfð í því að lofa mjög gott veður eða lasta vont veður? Gátu menn á einhvern hátt með athöfnum sínum átt þátt í að breyta veðri sér í vil eða hindra illviðri? Þekktu menn t.d. sagnir um að dauðri mús væri kastað í þá átt sem menn vildu að viðraði úr? Þekktu menn sagnir um að harður lönguhaus gæti orsakað veðurbreytingu, ef rétt var að staðið? Þekktist sú trú að veðurbreytingu leiddi af því að hlaða snjókerlingu eða snjókarl? Hvaða athafnir bar mönnum einkum að varast gagnvart veðurbreytingum, er menn voru t.d. á sjó eða við heyskap?

Voru kunn einstök sálmavers, heilir sálmar eða annar kveðskapur sem gat sefað illt veður eða storm ef þau voru höfð yfir eða sungin (veðursálmur t.d.)? Var nokkur trú þekkt varðandi veður (staðviðri) meðan lík beið greftrunar eða með veður á jarðarfarardegi? Var trú á veðurbreytingar í einhverju tengd vikudögum eða vikubyrjun (sunnudagsþerrir t.d.)? Var nokkur trú þekkt varðandi það er kirkjuföt blotnuðu í messuför?

Hús og híbýli

Var veðurspá fólgin í frostrósum á glugga? Var talað um góðveðursmóðu á glugga? Var veðurspá fólgin í eldhúsreyknum, potthrími, hlóðaeldi eða logandi ljósi? Dökknuðu málmar undir regn eða rosa?

Voru til "veðurspár" viðir t.d. í húsum eða amboðum sem notuð voru við heyvinnu? Gat veðurbreyting gert boð á undan sér með einhverri lyktarbreytingu í húsi?

Lýsið öðru varðandi híbýli fólks, útihús eða dauða hluti sem á einhvern veg gat borið með sér væntanlega veðurbreytingu.

Spár dýra og annarra lífvera

Hvernig réðu menn veður næstu daga eða dægra af hátterni húsdýra utan húss eða innan: a) hesta, b) nautgripa, c) sauðfjár, d) geitfjár, e) hunda, f) katta? Gátu þær spár e.t.v. stundum boðað veðráttu heilla árstíða, t.d. vetrar?

Réðu menn á einhvern veg veður af hátterni hagamúsa eða húsamúsa? Koma rottur nokkuð við veðurspár? Var almennt tekið mark á hátterni fugla þegar spád var fyrir um veður? Segið frá þessu varðandi einstakar tegundir land- og sjófugla. Lýsið þá á hvern veg þetta var, t.d. bundið kvaki þeirra, flugi og hreyfingum á landi, vatni eða sjó og þá færslu þeirra milli staða. Fólst veðurspá gagnvart vori eða sumri í komutíma farfugla, t.d. miðað við einstakar tegundir þeirra (lóu, máriátlu, spóa, hrossagauk o.s.frv.)? Gat veðurspá falist í atferli sela í eða við sjó? Gat veðurspá falist í atferli fiska í vatni eða sjó t.d. því hvernig fiskur veiddist í vatni? Á hvern hátt spáðu skordýr fyrir veðri? Greinið frá því um einstakar tegundir (flugur, fiðrildi, köngulær o.s.frv.).

Vetrarkvíði er allþekkt fyrirbæri á jörð að úthallandi sumri, örfínir glitrandi þræðir á gróðri jarðar. Var í þessu viðurkennd veðurspá? Lýsið því. Var einhver veðurspá fólgin í gróðri jarðar, t.d. gagnvart snjó- eða vetrarhörkum (fífa, snjónál t.d.)? Kannast menn við fyrirbærið eða orðið ýlustrá eða önnur nöfn á því? Hvað felst í því og er það tengt veðurspám?

Gátu gerlar í mjólkurmat veitt vísbendingar um veður, t.d. breytingar í súru skyri, þegar það braut sig sem kallað var? Mátti nokkuð marka á lýsi í tunnum hvaða veðurs væri von?

Kannast menn við veðurspár byggðar á athugun innyfla nauta eða sauða (milta, garnir)? Áttu menn sér "loftvogir" í líki útþaninnar hlandblöðru stórgrips eða sauðkindar, þanins líknarbelgs eða þanins rjúpusarps? Hvað nefndist sú loftvog? Hvar hékk hún uppi? Var spád fyrir veðri eftir kerlingarsvuntunni í hörðum fiskivanga? Lýsið öðru er varðar veðurspár á þessu sviði.

Einkenni lands og lagar

Var nokkurt mark tekið á því gagnvart veðri hversu snemma snjó lagði í fjöll að hausti? Nefndist sú snjócoma nokkuð (haustkálfur, vetrarkálfur t.d.)? Er vetrarkálfur e.t.v. eitthvað allt annað?

Var mark tekið á því gagnvart veðri hvernig eða hve lengi einstakar fannir lágu á fjöllum? Var nokkurt mark tekið á því er blotasnjór veltist í hnyklum eftir fönnum (snjóveltur)? Var á einhvern annan veg tekið mark á snjó, hrími eða frosti gagnvart veðri?

Var tekið mark á árniði, lækjarniði eða fosshljóði gagnvart veðri? Var mark tekið á vatnshæð í ám, lækjum, lindum eða vötnum? Var mark tekið á sjávarhljóði eða mareldum við sjó? Gat hrun í jökli eða fjallshlíð boðað veðurbreytingu? Þekktist nokkur trú varðandi vermistein í jörð í nánd vors eða sumars?

Einkenni loftsins

Ský og blikur eru ein af þeim auðkennum sem vísa til veðurs. Lýsið hvernig menn lásu ský og blikur í veðurspám sínum og sérstaklega hvernig þetta var staðbundið miðað við fjöll og fjallgarða sjóndeildarhringsins. eru netjuský (Maríutása) á einhvern veg tengd veðurspám? Þoka á skylt við ský. Á hvern veg vísaði hún til veðurs, t.d. miðað við þokuhús á fjalli eða þokubelti í fjallshlíð? Lýsið hvernig hitauppláttur af jörð eftir heitan sumardag tengdist veðurspám. Lýsið hvernig hillingar tengdust veðurspám.

Lýsið hvernig regn tengdist veðurspám, t.d. þegar rigndi svo mikið að bólaði upp af hverjum polli. Hvað nefndist það og hver veðurspá var í því fólgin? Þekkjast orðin þerriskúr og þerridropar um litla úrkomu. Var mark tekið á geislabroti í skýjum gagnvart veðri (regnbogi, hafgall)? Hvað þá um rosabaug og aukasólrir, er svo nefndust (gíll, úfur)? Var nokkur veðurspá fólgin í þrumum og eldingum?

Nefnið hvaðeina sem hér hefur ekki verið minnst á.

